



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
3. fundur 2014 (41. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 16.05.2014 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Sigurður Thoroddsen	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Magnús Stefánsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Páll Pálsson	Isavia

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar - kynning á stöðu vinnunnar

Óbreytt staða frá síðasta fundi. Vinnuhópar eru að fara aftur af stað. Stefnt er að opinberri kynningu í haust.

2. Fálkavöllur 13, umsókn um viðbyggingu, kællir. Endurnýjuð umsókn

Lagt var fram erindi Árna Friðrikssonar, arkitekts, f.h. Flugþjónustunnar Keflavíkurflugvelli, dags. 30.04.2014, þar sem ítrekuð er ósk um að veitt verði undanþága frá skipulagsskilmálum vegna húshæðar Fálkavallar 13. Málið snýst um heimild til að byggja lægra hús (viðbygging) en núverandi bygging, en skilmálar kveða á um byggingu í einni hæð. Fjallað var um málið á síðasta fundi nefndarinnar.

Skipulagsnefndin samþykkti að fram færi grenndarkynning vegna breytingarinnar gagnvart AA (Airport Associates), EAK (Eldsneytisafgreiðslan) og ITS (Icelandic Technical Service). Skipulagsnefndin samþykkti einnig að bætt yrði við skipulagstillöguna að frekara framhald viðbygginga við húsið yrði í sömu hæð og tillagan gerir nú ráð fyrir, eða að sú viðbygging, sem nú er um rætt, verði hækkuð síðar til samræmis við núverandi byggingu og hugsanlegar viðbyggingar framtíðarinnar.

3. Fálkavöllur 27, steipt skýli, útigeymsla

Á fundi skipulagsnefndarinnar þann 04.04.2014 var samþykkt að fram færi grenndarkynning vegna óskar um að gerður verði nýr byggingarreitur á lóðinni Fálkavöllur 27 fyrir útigeymslu.

Grenndarkynningin hefur farið og liggja fyrir samþykktir IGS og Isavia. Skipulagsnefndin samþykkti breytinguna.



4. Fálkavöllur 2, flugeldhús, drög að skipulagsbreytingu

Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Fálkavöllur 2. Breytingin felst í eftirfarandi atriðum:

- Lóðin stækkar úr 27.095 m² í 29.950 m². Byggingarreitur stækkar
- Gert er ráð fyrir þremur nýjum aðkomum að lóðinni, en aðkomur sem fyrir eru, eru felldar niður
- Bílastæði eru færð yfir á norðaustur hluta lóðarinnar og þeim fjölgað
- Girðingum er breytt
- Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,30 í 0,47

Skipulagsnefndin samþykkti að skipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar þar um.

5. Breyting á deiliskipulagi reita F og H

Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi reita F og H. Breytingin felst aðallega í eftirfarandi atriðum:

- Stækkun byggingarreita til norðurs og austurs frá núverandi flugstöð
- Stækkun byggingarreita beggja vegna landgöngurana
- Fjölgun bílastæða
- Bílastæðahús fellt út
- Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,13 í 0,44

Skipulagsnefndin samþykkti með fimm atkvæðum að skipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar þar um. Sigurður Thoroddsen sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

6. Göngu- og hjólastígur milli FLE og Reykjanesbæjar

Kynntar voru nokkrar hugmyndir að legu göngu- og hjólastígs milli Flugstöðvarinnar og Reykjanesbæjar. Eftir atvikum gæti stígurinn einnig tengst Sandgerðisbæ og Garði. Nauðsynlegt er að ákveða legu stígsins og koma honum inn á skipulag viðkomandi sveitarfélaga.

7. Hádegishlað 29 - olíutankur

Kynnt var hugmynd að 5x9 m plani fyrir olíutank við flugskýli að Hádegishlaði 29, þar sem Keilir rekur flugkennslu.

Skipulagsnefndin tók jákvæða afstöðu til málsins sem mun eftir atvikum koma aftur á borð nefndarinnar.

10. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 20.06.2014.



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Fleira ekki gert, fundi slitið.